

## **Fundargerð**

### **Fundur haldinn í Menningarráði Norðurlands vestra að Dæli í Víðidal, fimmtudaginn 24. janúar 2008, kl. 14.00.**

Mætt voru: Guðrún Helgadóttir formaður, Adolf H. Berndsen, Bjarni Þórisson, Björn Magnússon, Pétur Jónsson og Ingibergur Guðmundsson menningarfulltrúi.

Formaður setti fund og stjórnaði honum.

#### **Dagskrá:**

##### **1. Menningarstyrkir fyrir árið 2008**

Þegar hefur verið samþykkt í Menningarráði að úthlutanir verði tvær á þessu ári, með umsóknarfresti til 15. mars og 15. september. Alls verða um 35-40 milljónir til úthlutunar. Fyrir fundinum lágu eftirfarandi drög:

- Sameiginlegar úthlutunarreglur fyrir báðar úthlutanirnar 2008
- Auglýsing um fyrri úthlutun
- Vinnsluferli styrkbeiðna vegna fyrri úthlutunar

Menningarráðið samþykkti fyrirbyggjandi drög. Samþykkt var að fyrri úthlutun styrkja fari fram laugardaginn 5. apríl á Blönduósi.

Einnig var samþykkt að senda dreifibréf inn á hvert heimili á Norðurlandi vestra með auglýsingu um verkefnastyrki og fleiri upplýsingum.

##### **2. Merki (LOGO) fyrir Menningarráðið**

Fyrir fundinum lágu 9 tillögur að merki fyrir ráðið. Samþykkt var að taka tillögu Davíðs Más Sigurðssonar á Sauðárkróki. Formanni falið að ræða við hann um nánari útfærslu.

##### **3. Fjárhagsuppgjör ársins 2007**

Menningarfulltrúi kynnti drög að fjárhagsuppgjöri síðasta árs.

##### **4. Fjárhagsáætlun f. 2008**

Fyrir fundinum lágu drög að fjárhagsáætlun fyrir yfirstandandi ár. Gert er ráð fyrir að tekjur og gjöld nemi um 40 milljónum. Drögin voru samþykkt með nokkrum breytingum.

##### **5. Ráðstefna um menningartengda ferðaþjónustu**

Samþykkt var að halda ráðstefnu á Blönduósi 5. apríl nk. Að ráðstefnunni standa Menningarráð Norðurlands vestra og Ferðamáladeild Háskólans að Hólum. Formanni og menningarfulltrúa falið að vinna áfram að undirbúningi.

##### **6. Aðalfundur Menningarráðsins**

Samþykkt að aðalfundur Menningarráðs verði 5. apríl nk. á Blönduósi.

**7. Samningur um styrk til menningarstarfs**

Menningarfulltrúi lagði fram drög að samningi við RARIK um styrk til Menningarráðs vegna menningarstarfs á Norðurlandi vestra árin 2008 og 2009. Nemur styrkurinn einni milljón króna árlega. Menningarráð fagnar þessum samningi og þakkar viðkomandi fyrirtæki. Drögin voru samþykkt.

**8. Önnur mál.**

Önnur mál voru engin.

Fleira ekki tekið fyrir. Fundi slitið kl.16.30.

Ingibergur Guðmundsson  
fundarritari

This document was created with Win2PDF available at <http://www.win2pdf.com>.  
The unregistered version of Win2PDF is for evaluation or non-commercial use only.  
This page will not be added after purchasing Win2PDF.